

# Áhrif samfélagslegra áskorana

## Vennmynd

Það fer eftir því hvaða samtöl hafa þegar átt sér stað í kennslustofunni hvort þú telur að aðferðirnar “Nautsaugað” og/eða “Vennmynd” gætu verið gagnlegar til að kynna og dýpka skilning nemenda á samfélagslegum áskorunum. Í þessu verkefni munu nemendur æfa eftirfarandi: að skilgreina hvað samfélagsleg áskorun er, að sýna virðingu í samtölum, að deila eigin hugsunum, að hlusta á vangaveltur annarra og æfa sig sérstaklega í að dæma ekki þegar aðrir hafa andstæðar skoðanir. Auk þessarar grunnstoðar mun verkefnið styðja við grunnstoðirnar „Að læra gegnum samræður og samskipti”, “Að læra með því að hugsa” og “Að læra gegnum ígrundun og mat”.

### Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta skilgreint hvað samfélagslegar áskoranir eru
- Geta sýnt vilja til að breyta sjónarmiðum sínum
- Geta tekið þátt í samræðum, rökstutt eigin skoðanir og virt skoðanir annarra
- Geta sýnt fram á virka hlustun
- Geta tekið þátt í að ræða samfélagslegar áskoranir (einstaklingslega og í hópi)
- Geta tjáð sig án fordóma í garð annarra nemenda sem hafa andstæðar skoðanir.
- Geta rætt samfélagslegar áskoranir og samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg áhrif.
- Geta ígrundað hvernig hugsun þeirra hefur breyst
- Geta sýnt og útskýrt hvernig hugsun þeirra hefur þróast og breyst

### Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Áætlaðu að minnsta kosti 45 mínútur fyrir hvora aðferð fyrir sig.

### Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
Teiknið þrjá hringi eða þrjá húlahoppþringi á stóran pappír eða á töflu	Búðu til vinnuborð á Google Jamboard eða Miro

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Deildu tengli á stafrænu verkefnasíðuna með nemendum, svo þeir geti nálgast það í eigin snjalltæki.</li> </ul> <p>Þú þarft:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skjá til að sýna nemendum verkefnaborðið</li> <li>Fartölvu og/eða spjalddölvu fyrir hvern lítinn hóp nemenda</li> </ul>
--	---

## Undirbúningur

- Farið yfir skilgreiningu á samfélagslegri áskorun.
- Hugsaðu sjálf/sjálft/sjálfur um samfélagslegt vandamál og íhugaðu hvernig það mál hefur áhrif félagslega, efnahagslega og/eða umhverfislega.

### Í Kennslustofunni:

- Teiknaðu stóra Vennmynd sem samanstendur af þremur hringjum á pappír eða töflu; merktu hvern hring með einu af eftirfarandi orðum: samfélagslegt (mannlegt), umhverfislegt (tré), efnahagslegt (peningar). Ungir nemendur geta notið góðs af sjónrænum vísbendingum fyrir hvert orð eða viðmið. Þú getur líka notað orðin: fólk, staður, hagnaður. Eða búðu til Vennmynd með því að nota húlahoppkringi og merktu hvern hring í samræmi við það.

### Blandað nám:

- Búðu til Vennmynd á Miro, eða Google Jamboard með þremur stórum hringjum sem skarast; merktu hvern hring með einu af eftirfarandi orðum: samfélagslegt, umhverfislegt, efnahagslegt

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Innlögn

Biðjið nemendur að hugsa um líf sitt, skólastofuna, hverfið, samfélag sitt þegar þeir hugsa um samfélagsleg álitamál. Láttu nemendur skrifa niður eitt atriði á stafrænan eða alvöru miða, sem er mikilvægt fyrir þá eða einhvern sem þeir hafa fylgst með.

### 2 Fyrsta umferð Vennmyndar

Farið yfir merkingu samfélags, efnahags og umhverfis.

Biðjið nemandann um að setja límmiða sína á þann hluta Vennmyndarinnar sem hann telur best sýna hvar málið á heima.

\*Taktu mynd af Vennmyndinni til að sýna síðar

### 3 Lestu

Lesið með nemendum í gegnum öll viðfangsefni.

Spyrðu nemendur: Er eitthvað viðgangsefni, annað en þitt eigið, á töflunni sem þú heldur að þú viljir flytja á annan stað? Biðjið nokkra sjálfboðaliða um að flytja viðfangsefni á nýjan stað og útskýra hvers vegna þeir gerðu það.

Leyfðu samtalinu að þróast eðlilega.

### 4 Önnur umferð Vennmyndar

Þjóddu nemendum að íhuga það sem þeir hafa heyrt og að flytja eigið viðfangsefni ef þeir kjósa.

Biðjið nokkra nemendur að deila hugsun sinni þegar þeir hafa flutt viðfangsefni sitt.

\*Sýndu þeim myndina af Vennmyndinni þegar þau byrjuðu og spyrðu: Hverju tekur þú eftir við Vennmyndina núna? Hvað hefur breyst? Af hverju heldurðu að það hafi breyst?

### 5 Ígrundun

Biðjið nemendur hvern fyrir sig að fylla í eyðurnar í eftirfarandihugleiðingu:

Ég var vanur að hugsa \_\_\_\_\_ og  
núna held ég \_\_\_\_\_

### 6 Fáðu fjölskylduna með!

Látið nemendur taka heim með sér blað sem teiknuð er á merkt Vennmynd. Þeir munu síðan deila henni heima og biðja heimilisfólk að setja þrjú atriði á skýringarmyndina. Nemandi færir svo einn sem hann telur að þurfi að vera annars staðar á Vennmyndinni og útskýrir hvers vegna. Síðan býður nemandinn þeim sem eru á heimilinu að flytja sín mál og segja honum hvers vegna.

Ef allir hafa aðgang að stafrænum verkfærum geturðu útbúið sameiginlegt Miro borð eða Google Jamboard þar sem allir nemendur geta bætt við blöðum sem þeir söfnuðu. Þeir geta flutt viðfangsefni á sameiginlegu Vennmyndinni og útskýrt hvers vegna og síðan boðið viðkomandi á heimili sínu að færa til líka.